

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgatúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 10. janúar 2018
UST201711-180/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Deiliskipulag – Reykjavík - Úlfarsfell – fjarskiptastöð

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar er barst 23.nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi svæðis á innan eignarlandsins Úlfarsfell sem er í eigu Reykjavíkurborgar, þar sem ætlunin er að heimila uppsetningu fjarskiptastöðvar.

Skipulagssvæðið

Í lýsingu kemur fram að áætlað deiliskipulagssvæði er um 1,3 ha að stærð og liggur umhverfis hærrí koll Úlfarsfells. Svæðið liggur að mörkum milli Reykjavíkur og Mosfellsbæjar.

Áætlaðar framkvæmdir


Í lýsingu kemur fram að gert er ráð fyrir 60 – 80 m² tækjahúsi og 50 m háu stálgrindamastri.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að áætlaðar framkvæmdir komi ekki á neinn hátt í veg fyrir áframhaldandi útivist á Úlfarsfelli.

Umhverfisstofnun bendir að þótt ofangreindar skipulagsbreytingar falli ekki undir lög um umhverfismat áætlana, telur stofnunin mikilvægt að huga að sjónrænum áhrifum þar sem um mikilvægt útivistarsvæði er að ræða.

Að öðru leyti er að mati Umhverfisstofnunar í ofangreindri lýsingu gerð grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Rakel S Kristjánsdóttir
Sérfræðingur